



Fundargerð

Verkefnisstjórn rammaáætlunar um nýtingu vatnsafls og jarðvarma.

32. fundur, föstudaginn 21. janúar 2011, kl. 13:00-16:00 í Orkugarði, Reykjavík

Mætt: Svanfríður Jónasdóttir, Agnar Olsen, Anna G. Sverrisdóttir, (til 14), Elín R. Líndal, Friðrik Dagur Arnarson, Guðni A. Jóhannesson, Helga Barðadóttir (iðnaðarráðuneytinu), Kjartan Ólafsson (form. faghóps III), Kristín Huld Sigurðardóttir, Kristín Linda Árnadóttir, Stefán Arnórsson, Steinunn Fjóla Sigurðardóttir (umhverfisráðuneytinu), og Þóra Ellen Þórhallsdóttir. Helga Barðadóttir ritaði fundargerð.

Fjarverandi: Björg Eva Erlendsdóttir, Unnur Brá Konráðsdóttir, Kristinn Einarsson (OS) og Sveinbjörn Björnsson (ráðgjafi).

1. Frestað var umræðu um bókun formanna faghópa I og II

2. Umræður um Selfossvirkjun og hvernig bæri að meta virkjunarhugmyndina

ÞEP sagði vandkvæði á því fyrir faghóp I að meta þessa virkjunarhugmynd og velti því upp hvort hægt væri að fá samþykki verkefnisstjórnar fyrir því að Selfossvirkjun yrði ekki metin með sama hætti og aðrar virkjunarhugmyndir. Um sé að ræða lítt raskað vatnasvið sem nær yfir 6.000 km² og gríðarlega mikil verðmæti í laxfiskum, m.a. veiðast á vatnasviðinu 3,6% af öllum Atlantshafslaxi í heiminum. Að mati hópsins er virkjunin ólíkleg til að hafa mikil áhrif nema á fiska og vatnalíf. Mat hópsins myndi ráðast nær alfarið af því að hvaða marki hann teldi að mótvægisáðgerðir heppnuðust. Meðal sérfræðinga eru hins vegar mjög skiptar skoðanir um það. Faghópur I verði að meta óvissu náttúrunni í hag, en ÞEP taldi að það yrði þó alltaf erfitt að rökstyðja ákvörðun hvoru megin sem hún félli.

Ef nota á sömu aðferðafræði við mat á verðmætum og notuð hefur verið á öllum öðrum svæðum, þ.e. verðmæti á vatnasviði ofan stíflu, þarf að fara í mjög umfangsmikla gagnasöfnun þar sem engin gögn liggja fyrir nema frá Vegagerðinni en þau einskorðast við fyrirhugað vegastæði en ekki ána.

AGS sagði vandamálín svipuð í faghópi II. Reynt hafi verið að meta samkvæmt áður skilgreindri aðferðafræði en það sé ekki hægt að meta þennan kost á hefðbundinn hátt. Fyrir utan veiðina sé hægt að segja að um deiliskipulagsmál á Selfossi sé að ræða. Veiðileyfi eru seld fyrir einn milljarð á ári og því stór partur af búsetuskilyrðum á svæðinu. Mótvægisáðgerðir sem hafi verið kynntar séu margar hverjar nýjar af nálinni, en ekki hafi verið sýnt fram á að þær virki. AGS leggur til að sett verði flagg á þennan kost í röðuninni og verkefnisstjórnin setji fyrirvara.

Form. Tillaga um að afgreiða málið með bókun og rauðu flaggi, m.a. vegna ónógra gagna.

KLÁ minnti á að það er ýmis löggjöf sem gildir um virkjanir og taka þarf tillit til svo sem um mat á umhverfisáhrifum.

SA spurði hvort gert hefði verði hagkvæmnismat fyrir virkjunina. Orkumálastjóri sagði til útreikninga fyrir allar virkjanirnar og í þessu tilfelli yrði gerð stífla vegna brúarinnar sem ekki væri vandamál í sjálfu sér, en alltaf væri um einhverja óvissu að ræða ú útreikningum. Eðlilegast að meta eins og fiskgengdin sé í lagi. Ef það verði ekki tryggt þá verði engin virkjun.

Formaður minnti á að mikilvægt væri að hafa í huga að þessi virkjunarhugmynd væri hluti af annarri framkvæmd.

FDA ekki verið sýnt fram á að stíflan væri ekki á misgengi.

KÓ sagði mikilvægt að finna lausn til að meta Selfossvirkjun. Margar breytur og mikil óvissa.

ÞEP Náttúrufarsgögn vantar en þó til ýmis gögn frá NÍ og hugsanlega hjá Landbúnaðarháskóla Íslands. Í vinnu faghóps I hafi verið leitast við að meta áhrifasvæði fyrir ofan stíflu sem í þessu tilfalli séu hátt í 6.000 km². Þetta svæði hafi lítið verið rannsakað. Óvíst að til séu gróðurkort og einnig litlar upplýsingar um fuglalíf á svæðin. Eins þurfi að skoða sel. Það sé hægt að gera rannsóknir en það kosti tíma og peninga.

AGS taldi að virkjunin passi illa inn í matskerfið. Fiskurinn væri mjög mikilvægur þáttur varðandi búsetuskilyrði, en ekki sé til mælikvarði til að meta mikilvægi laxveiði fyrir ferðaþjónustuna.

(ÞEP og AGS fóru af fundi).

FDA sagði ekki búið að leysa hvernig þetta á að vera fyrir neðan stíflu, og spurði hvernig verði fundin lausn á því. Sér ekki hvernig hægt er að taka fiskinn út úr dæminu þar sem hann sé svo mikilvægur. Ekki hægt að taka einn þátt út fyrir sviga.

AÓ benti á að mikil óvissa væri um marga kosti sem eru til umfjöllunar.

GAJ lagði áherslu á að ekki mætti gefa þau skilaboð að verkefnisstjórnin gæti ekki tekið á þessu máli.

FDA sagði virkjunaraðila ekki hafa sýnt fram á lausn varðandi fiskgengd og gögn væru ófullnægjandi.

Fom. lagði fram tillögu um að fiskurinn yrði tekinn út fyrir sviga með formála, eftirmála og rauðu flaggi og hafa þar með alla hugsanlega fyrirvara, því það verði í raun afráðið á öðrum vettvangi hvort virkjun verði leyfð, svo sem í ferli um mat á umhverfisáhrifum. Erfiðast í stöðunni væri að sérfræðingar væru ekki sammála um áhrif hugsanlegrar virkjunar á fiskgengd í Hvítá.

KÓ sagði að ef menn gæfu sér ákveðnar forsendur þá væri hægt að raða Selfossvirkjun með öðrum kostum, t.d. ef menn gæfu sér að fiskgengdin yrði í lagi.

KHS benti á að það þyrfti að horfa á gögn og gagnaleysi í samhengi. Víða hefði vantað gögn um fornleifar og það hefði aldrei verið litið á það sem sérstakt vandamál.

SA Hallast að þeirri hugmynd að setja fyrirvara og útskýra að hugmyndin hafi komið seint fram. Röðun verði alltaf tilraun og það sé mjög ólíklegt að ráðist verði í virkjanaframkvæmdir nákvæmlega í þeirri röð sem verkefnisstjórnin leggi fram.

ERL sammála.

Formaður lagði til að unnin yrði tillaga fyrir verkefnisstjórn um það hvernig bæri að afgreiða málið.

3. Kynning á sjálfbærnisráslu

Jónas Ketilsson formaður vinnuhóps sem falið var að gera úttekt á sjálfbærni jarðhitanýtingar skilaði formlega af sér til verkefnisstjórnar.

Sagði hann skilgreiningar í anda Brundtland-skýrslunnar

Nokkrar umræður sköpuðust um skilgreiningar á sjálfbærri þróun, veika og sterka og sjálfbæra vinnslu.

SA segist ósáttur við margt í efnistöku skýrslunnar. Bent var á að hann hefði haft nægan tíma til að gera formlegar athugasemdir meðan skýrslan var í vinnslu, en það nýtti hann sér ekki.

Skýrslan verður sett inn á heimasíður Orkustofnunar og rammaáætlunar og fá meðlimir verkefnisstjórnar meldingu um það þegar skýrslan verður orðin aðgengileg. Jónas mun sjá um kynningu á skýrslunni.

4. Kynningar- og umsagnarferli - viðbrögð verkefnisstjórnar.

Viðbrögð verkefnisstjórnar við athugasemdum sem bárust í kjölfar kynninga á niðurstöðum faghópa vorið 2010. Einnig var búið aðsenda út viðbrögð faghóps I.

Formaður hefur sett inn nýjan texta til að reyna að koma til móts við helstu athugasemdir frá NÍ og Veiðimálastofnun.

PEP kom aftur á fundinn.

Umræða um hvernig yrði farið með friðlýst svæði, hvort þau yrði tekin út fyrir sviga eða ekki þegar frumvarpið yrði lagt fram.

FDA finnst að umfjöllun um athugasemdir þurfi að vera ítarleg og tekur sem dæmi ath frá Ingibjörgu Elsu. Vill hann setja fram bókun um málið sem hann sendir síðar.

Rætt um umfjöllun um friðlýst svæði og ekki allir á eitt sáttir um það hvort þetta væri rétti vettvangurinn til þeirrar umræðu.

Form. benti á að frumvarpið þar sem rætt er um friðlýst svæði, hafi ekki komið fram fyrr en að loknu umsagnarferli.

KÓ sagði að hægt væri að gagnrýna alla aðferðarfræði og forsendur. Alltaf þurfi að vinna innan ákveðins þekkingarramma. Mun hann setja niður stutta greinargerð um forsendur aðferðarfræði.

ERL benti á að það vanti oft mikið af rannsóknum t.d. varðandi byggðarannsóknir og varðandi tilfinningahluta.

KLÁ benti á að miðað við núverandi löggjöf þá hefði friðun skv. framlögðu frumv. um rammaáætlun skýrari stöðu en skv. náttúruverndarlögum.

GAJ benti á það yrði ekkert formlega friðað samkvæmt rammaáætlun, heldur þyrftu viðkomandi kostir að fara í formlegt friðlýsingarferli og að því kæmu margir ólíkir aðilar, svo sem landeigendur, sveitarfélög o.fl.

ERL vísar í þessu samhengi á umsögn Samtaka Ísl. sveitarfélaga.

SA sagði það skoðun sína að það frv. sem lagt hefði verið fram um rammaáætlun væri meingallað.

ERL taldi að um dylgjur væri að ræða í texta frá **PEP** í gerð Veiðimálastofnunar um að ekki hefðu verið afhent öll gögn stofnunarinnar um málið og þeim beinlínis verið haldið frá faghópunum. Óskaði hún eftir útskýringum á því máli.

PEP sagði þetta mál tengjast m.a. uppl. sem nýttar hefðu verið frá Sólveigu Pétursdóttur.

Veiðimálastofnun hefði farið fram á að fá fulltrúa í faghópinn, ekki hefði verið orðið við því og þannig hafi komið fram ákveðin gagnrýni og vantrú á vinnu faghópsins. Þóra vill ekki að faghópurinn svari þessu erindi. Óskar eftir því að verkefnisstjórnin lýsi yfir stuðningi við sérfræðinga faghópsins og vinnu þeirra. **PEP** sagðist myndu taka saman betri skýringar til verkefnisstjórnar.

ERL tók þessa skýringu gilda og taldi það góðra gjalda vert að vekja athygli á að mikil þekking væri til staðar í faghópnum.

PEP var falið að taka saman texta sem lagður verði fyrir verkefnisstjórn varðandi afgreiðslu á Selfossvirkjun.

Form. velti því upp hvort rétt væri að bregðast við þessu í almennum inngangskafli eða með öðrum hætti.

5. Vinnan framundan:

Á næsta fundi, fimmtudaginn 27. janúar verði farið yfir athugasemdir til faghóps I.

Næstu fundir.

Fimmtudag 27. janúar kl. 17:00-20:00 (kvöldverður) ath staðsetningu

Föstudagur 28. janúar kl. 10:30-14:00 – Orkustofnun.

Helga Barðadóttir